

Stjórnarfundur Samtaka um Jákvæðan aga
29. maí 2022 kl. 20:00 á Zoom

Mættir eru: Ágúst, Aníta, Helga, Sólveig, Jónína.

Dagskrá fundar:

Aðalfundur 1. Júní kl. 20:00 á Zoom.

- Ágúst fer yfir dagskrá fundar en hefðbundin aðalfundarstörf verða á fundinum.
- Ágúst tekur að sér fundarstjórn, Jónína verður fundarritari.
- Aníta fer yfir hverjir hafa greitt félagsgjöld fyrir aðalfund.
- Skýrsla stjórnar, Ágúst mun fara yfir hana en starfssemi var frekar lítil þetta starfsárið, tveir stjórnarfundir og einn fræðslufundur.
- Taka þarf ákvörðun um félagsgjöld, stjórn stingur upp á lækkun á ársgjöldum úr 5000 kr. í 3000 krónur.
- Stjórnarseta, flestir hafa áhuga á að halda áfram stjórnarsetu. Jónína tilbúin að vera varamaður í stjórn ef mörg framboð berast.

Námskeiðshald með erlendum þjálfurum.

- Helga segir frá því að Nadine Gaudin kemur 13. og 14. október og verður með námskeið í skólum Norðurþings. Ágúst ætlar að setja sig í samband við Nadine varðandi það hvort hún bjóði upp á einhver framhaldsnámskeið, mögulega í Reykjavík. Ánægja var með námskeiðið sem hún hélt á Akureyri fyrir stjórnendur en þar voru margar góðar æfingar sem henta vel starfsmannahópum.

Önnur mál.

- Helga bendir á að gott sé að vekja athygli á heimasíðu samtakana á aðalfundi.
- Jónína bendir á að gott sé að vekja athygli á væntanlegri útgáfu grunnskólabókarinnar á aðalfundi.
- Ágúst stefnir á að ná að halda úti mánaðarlegum fræðslufundum næsta vetur.

Fundi slitið 20:25.

Fundarritari Jónína Hauksdóttir.